



SÁTTMÁLI SP UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS

ODDNÝ MJÖLL ARNARDÓTTIR, PRÓFESSOR

LAGAÐEILD | [FYRIRLESTRAMARAFON HR](#)

Sáttmáli SP um réttindi fatlaðs fólks (SRF)

- Samþykktur, ásamt valfrjálsri bókun, af allsherjarþingi SP
 - Þann 16. desember 2006
- Sló ný met í þjóðarétti (alþjóðalögum)
 - Enginn mannréttindasáttmáli hefur verið saminn á skemmri tíma
 - Aldrei verið haft meira samráð við grasrótina við gerð sáttmála
 - Enginn mannréttindasáttmáli hefur verið undirritaður af fleiri ríkjum við opnunarathöfn
- Gildi varðandi Ísland
 - Ísland undirritaði sáttmálann og valfrjálsu bókunina þann 30. mars 2007
 - Fullgilding hefur ekki farið fram
 - Nefnd um fullgildingu sáttmálans hefur lokið störfum
 - Kannaði hvort íslensk lög og reglur uppfylli kröfur sáttmálans
 - Gerir ýmsar tillögur að breytingum á lögum, m.a. um heildarendurskoðun laga um málefni fatlaðra
 - Skýrsla nefndarinnar er birt á vef félags- og tryggingamálaráðuneytis

Nálgun SRF

- Almennur hluti sáttmálans
 - 1.-7. gr. Reglur sem gilda um beitingu og túlkun allra þátta sáttmálans
 - Markmið, skilgreiningar, meginreglur, skyldur ríkja, jafnrétti og bann við mismunun, konur með fötlun, börn með fötlun
- Sérstakur hluti sáttmálans
 - 8.-30 gr. Efnisréttindin
 - T.d. aðgengi, réttur til lífs, gerhæfi, frelsi og mannhelgi, sjálfstætt líf án aðgreiningar í samfélaginu, ferðafrelsi og ferlimál, tjáningarfrelsi, friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, réttur til menntunar, réttur til heilsu, hæfingar og endurhæfingar, réttur til vinnu o.fl.
- Framkvæmd, almennt eftirlit og lagatæknileg atriði
 - 31.-50 gr.
- Valfrjáls bókun – sértækt eftirlit
 - Réttur þolenda brota til að kvarta til eftirlitsnefndar með sáttmálanum (einstaklingar og hópar)

Nálgun SRF

- Drifinn áfram af jafnréttishugtakinu
- Almennur hluti
 - 1. gr. (markmið), 3. gr. (meginreglur) og 5. gr (bann við mismunun)
- Sérstakur hluti útfærir síðan efnisréttindin sem sem blöndu efnislegra réttinda og jafnréttis
- Dæmi: 1. mgr. 24 gr um réttinn til menntunar:
 - “Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Þau skulu, í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika **án mismununar** og þannig að allir hafi **jöfn tækifæri**, koma á menntakerfi á öllum skólastigum **án aðgreiningar...**”
- 2-3 mgr. 24 gr útfærir þennan jafna rétt til menntunar án aðgreiningar nánar m.a. með því að kveða á um að ríkjum beri að tryggja að:
 - “...að fatlað fólk sé **ekki útilokað frá hinu almenna menntakerfi** vegna fötlunar...”
 - “...fatlað fólk fái ***nauðsynlegan stuðning, innan hins almenna menntakerfis, til þess að stuðla að haldgóðri menntun þess,***”
 - “...menntun einstaklinga, og þá sérstaklega barna, sem eru **blindir, heyrnarlausir eða daufblindir, fari fram á þeim tungumálum og samkvæmt og eftir þeim aðferðum og leiðum sem henta viðkomandi einstaklingi** og í umhverfi sem ýtir hvað mest undir framvindu í námi og félagslegan þroska...”

Niðurstöður

- Sáttmálinn byggir á réttindum sem þegar hafa verið viðurkennd í öðrum mannréttindasáttmálum
 - En aðlagar þau að veruleika og þörfum fatlaðs fólks
 - Réttur til menntunar...
 - ...án aðgreiningar...
 - ...sem feli í sér m.a. skyldu til aðlögunar menntakerfisins að þörfum fatlaðra barna, nauðsynlegan stuðning við fatlaða einstaklinga innan almennra skóla, viðurkenningu á tjáskiptamátum fatlaðra o.s.frv.
- Öll efnisréttindi sem sáttmálinn veitir ber að túlka til samræmis við jafnréttishugtak hans
 - Það hefur í sér fólgið efniskröfu um “inclusion” eða þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar
- Styrkur sáttmálans mun væntanlega felast í þessari samþættingu jafnréttishugtaksins og efnisréttindanna í réttarframkvæmd